

**Mennta- og
menningamálaráðuneyti:**

**Úttekt á
Grunnskóla
Vestmannaeyja**

Desember, 2011

Sigríður Harðardóttir

Unnar Hermannsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Samantekt niðurstaðna	3
3	Skólinn og umhverfi hans	6
3.1	Grunnskóli Vestmannaeyja	6
3.2	Starfsfólk	7
3.3	Aðbúnaður	8
3.4	Helstu einkenni skólans	8
3.5	Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins	10
3.6	Mat úttektaraðila	10
4	Skólanámskrá	12
4.1	Uppfyllir skólanámskrá skólans ákvæði aðalnámskrár?	12
4.2	Tengsl við skólastefnu sveitarfélags	13
4.3	Mótun stefnu	13
4.4	Stefna um kennslu, námsskipulag og samstarf kennara	14
4.5	Fjölbreytt námsmat	14
4.6	Sjálfsmatsaðferðir	14
4.7	Samþætting grunnþátta	14
4.8	Tengsl við skóla og stofnanir	14
4.9	Skólareglur og meðferð mála	15
4.10	Mat úttektaraðila	15
5	Stjórnun og rekstur	17
5.1	Stjórnskipulag	17
5.2	Skólaráð	18
5.3	Hagsmunir nemenda	19
5.4	Mat úttektaraðila	19
6	Nám og kennsla	21
6.1	Menntun kennara	21
6.2	List- og verkgreinar	21
6.3	Fjölbreyttir kennsluhættir	21
6.4	Fjölbreytt námsmat	21
6.5	Nýting upplýsingatækni í kennslu	22
6.6	Lýðræðislegir kennsluhættir	22
6.7	Fyrirkomulag og umfang heimanáms	23
6.8	Valnámskeið nemenda	23

6.9	Einstaklingsbundnar námsáætlanir	24
6.10	Endurmenntun kennara	24
6.11	Þróunarverkefni	24
6.12	Mat úttektaraðila	25
7	Skólabragur og samskipti	27
7.1	Starfsandi og skólabragur	27
7.2	Agavandamál og einelti	27
7.3	Áætlanir og jafnrétti	28
7.4	Félags- og tómstundastarf nemenda	29
7.5	Mat úttektaraðila	29
8	Innra mat	30
8.1	Framkvæmd og verklag	30
8.2	Frammistöðumat	31
8.3	Mat úttektaraðila	32
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	33
9.1	Samstarf GRV og grenndarsamfélagsins	33
9.2	Foreldrar og skólastarfið	33
9.3	Mat úttektaraðila	34
10	Sérfræðipjónusta sveitarfélags	35
10.1	Námsráðgjöf	35
10.2	Sálfræðipjónusta	35
10.3	Talmeinaþjónusta	36
10.4	Sérkennsla og námsver	36
10.5	Heilsugæsla	36
10.6	Ytra mat	37
10.7	Mat úttektaraðila	37
11	Niðurstöður og mat úttektaraðila	39
11.1	Styrkleikar og veikleikar	39
11.2	Mat úttektaraðila	39
11.3	Tillögur til úrbóta	41
A	Viðaukar	42
A.1	Heimildaskrá	42
A.2	Viðmiðunarstundaskrá GRV 2011/2012	43
A.3	Dagskrá vettvangsheimsóknar	44

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar á starfsemi Grunnskóla Vestmannaeyja (GRV). Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis um úttektir á grunnskólastigi. Úttektaraðilar voru valdir til verksins af ráðuneytinu í kjölfar auglýsingar og unnu verkið á grundvelli erindisbréfs.

Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi GRV með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Stjórnun og rekstur
- Skólanámskrá
- Nám og kennslu
- Innra mat
- Skólabrag og samskipti
- Samstarf við foreldra
- Sérfræðipjónustu

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa og vettvangsathugunum. Tekin voru viðtöl við fulltrúa nemenda, foreldra, kennara, annars starfsfólks, skólaráðs, fræðslu- og menningarráðs Vestmannaeyjabæjar auk stjórnenda. Meðal þeirra fyrirliggjandi gagna sem úttektin byggir á eru mikilvægust skólanámskrá og starfsáætlun skólans, sjálfsmatsskýrslur og önnur gögn um innra mat, prófaniðurstöður (einkum úr samræmdum könnunarprófum og PISA), kennsluáætlanir auk annarra tölfræðilegra gagna um starfsemi GRV.

Verkið var unnið á tímabilinu 15. október – 15. desember 2011. Vettvangsheimsókn fór fram 17. nóvember sl. og var gengið um húsakynni skólans og skólalóð skoðuð í fylgd stjórnenda. Viðtöl voru framkvæmd við alla helstu hagsmunaaðila og stóðu þau frá 08:15 til um 16:00.¹ Viðtöl og val á viðmælendum höfðu verið undirbúin í samræmi við tilmæli ráðuneytis og nutu úttektaraðilar m.a. aðstoðar skólastjóra við skipulagningu vettvangsheimsóknar. Vel var tekið á móti úttektaraðilum af stjórnendum skólans og fóru viðtölin öll vel fram. Viðtölin voru hljóðrituð til hægðarauka við vinnslu verksins og var þeim gögnum eytt af úttektaraðilum við verklok.

Fyrirliggjandi gögn fengu úttektaraðilar send fyrir vettvangsheimsókn frá stjórnendum skólans. Voru gæði gagnanna almennt viðunandi að mati úttektaraðila. Eitthvað af gögnum voru jafnframt aðgengileg á heimasíðu skólans (www.grv.is).

Úttektaraðilar voru í góðu sambandi við stjórnendur GRV meðan á úttektinni stóð og fengu frekari upplýsingar eftir atvikum. Í samræmi við tilmæli ráðuneytis hafa skólastjóri og skólayfirvöld í Vestmannaeyjum fengið skýrslu þessa til yfirlestrar og athugasemda. Er það engu að síður að lokum í höndum úttektaraðila hvort og að hvað miklu leiti tekið er tillit til þeirra athugasemda sem fram kunna að koma.

Vilja úttektaraðilar þakka öllum viðmælendum og einkum stjórnendum GRV fyrir afar gott samstarf á verktímanum. Er það von úttektaraðila að niðurstöður verkefnisins megi nýtast til að gera skólastarf við GRV enn betra. Til þess að auka nytsemi skýrslunnar fyrir alla hlutaðeigandi hafa úttektaraðilar haft að leiðarljósi að hafa skýrsluna eins hnitmiðaða og þeim er kostur í stað málalenginga um atriði sem lesendum eru mögulega betur kunn en úttektaraðilum. Jafnframt eru helstu niðurstöður og tillögur settar fram í punktaformi af sömu ástæðum. Eftirfarandi niðurstöður byggja á faglegu og sjálfstæðu mati úttektaraðila sem þeir einir bera ábyrgð á.

¹ Sjá dagskrá vettvangsheimsóknar í viðauka A3.

2 Samantekt niðurstaðna

- Að mati úttektaraðila fer fram faglegt og gott skólastarf við Grunnskóla Vestmannaeyja. Í kjölfar samruna Barnaskóla og Hamarsskóla hefur verið lögð aukin áhersla á faglegt innra starf og þróunarstarf ýmiskonar.
- Samruni skólanna tveggja árið 2006 hefur verið meginviðfangsefni stjórnenda og hefur verkefnið gefist vel. Almenn ánægja er með breytinguna meðal allra helstu hagsmunaaðila. Nokkuð sérkenni skólans verður að teljast aðgreining milli tveggja skólahúsa milli 5. og 6. bekkjar, og eins að skólastjóri skipti tíma sínum milli húsanna tveggja milli daga. Mikil áhersla er lögð á það meðal starfsfólks skólans að flæði bæði nemenda og starfsmanna milli húsanna sé sem þægilegast.
- Nokkuð hefur verið hagrætt við stjórnun skólans bæði í kjölfar samrunans og eins vegna umtalsverðrar fækkunar nemenda skólans undanfarin ár, úr um 800 nemendum í um 550.
- Stjórnun GRV er skilvirk að mati úttektaraðila. Nýr skólastjóri kom til starfa og leiddi samrunaferlið. Verkaskipting er skilgreind og skýr, aðgengi gott að stjórnendum og samskipti virðast almennt opin og óheft. Gætt er að aðkomu helstu hagsmunaaðila við ákvarðanatöku.
- Skólanámskrá má bæta. Efnislega má finna þar flesta þá þætti sem gert er ráð fyrir að eigi heima í skólanámskrá samkvæmt lögum. Hins vegar eru fyrrgreindir efnisþættir ekki nægjanlega skipulagðir og skilmerkilega uppsettir.
- Að mati úttektaraðila er mikið álag á stjórnendum sem segjast reglulega þurfa að forgangsraða verkefnum. Því er nokkur þörf á stuðningi á stjórnunarstiginu t.d. við frágang ýmissa faglegra innri verkefni sem verið er að vinna við GRV.
- Skólaráð er starfandi við Grunnskóla Vestmannaeyja og samsetning þess í samræmi við kröfur yfirvalda. Fram kom í máli fulltrúa í skólaráði að starf ráðsins hefur ekki verið nægilega formfast undanfarin misseri. Af fundargerðum

skólaráðs GRV má merkja nokkrar áhyggjur fulltrúa af forgangsröðun málefna skólans í samfélaginu.

- Við Í GRV er starfandi nemendaverndarráð og nemendaráð hefur verið starfsrækt í samræmi gildandi kröfur. Á yfirstandandi skólaári hefur hins vegar ekki tekist að skipa ráðið enn.
- Allir kennarar GRV er með kennsluréttindi hvort sem um ræðir almenna bekkjarkennara eða list- og verkgreinakennara. Vel er staðið að kennslu í list- og verkgreinum. 10-15 manna hópar í þeim greinum sem auðveldar nám og kennslu. Endurmenntun kennara er í góðu horfi. Endurmenntunaráætlanir liggja fyrir.
- Fjölbreytni kennsluhátta í GRV er talsverð. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytnina en það er samt sem áður undir hverjum og einum kennara komið hvernig sú fjölbreytni birtist. Stöðugt er unnið að fjölbreytni námsmats í GRV.
- Innra mat fer fram í skólanum í samræmi við kröfur, en bæta má úrvinnslu og frágang, m.a. með reglulegri útgáfu sjálfsmatsskýrslu og birtingu t.d. á heimasíðu skólans (www.grv.is).
- Nokkuð bar á umræðu um neikvæð samskipti meðal nemenda á unglingastigi. Mikilvægt er að starfsfólk skólans leiti allra leiða til að stemma stigu við slíku og nýti t.d. þau úrræði sem til boða eru til stuðnings bæði innan skólans og í stoðkerfi skólans t.a.m. á skólaskrifstofu. Almenn skoðun viðmælenda var að auka þyrfti metnað og forgangsröðun í garð skólans, einkum meðal eldri nemenda og í raun samfélagsins alls.
- Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins eru vart merkjanleg við GRV. Bæði sterk fjárhagsleg staða sveitarfélagsins og almennt gott atvinnuástand í Vestmannaeyjum hafa valdið því að ekki hefur verið jafn rík þörf til hagræðingar í skólamálum og víðast hvar annarsstaðar hérlandis undanfarin misseri.
- Mikil áhersla hefur verið lögð á faglegt innra starf undanfarin ár í skólasamfélaginu í Vestmannaeyjum, t.d. með aukinni áherslu á ýmis

þróunarverkefni, endurmenntun og aukinn stuðning við skólastarfið m.a. frá skólaskrifstofu. Hefur þessi áhersla m.a. komið til vegna greiningar á niðurstöðum samræmdra prófa og PISA kannana og umbótaáætlunar í kjölfarið. Hafa niðurstöður í síðustu samræmdu prófum því ollið nokkrum vonbrigðum, en að mati úttektaraðila ætti faglegt umbótastarf undanfarinna missera, með áframhaldandi samstilltu átaki allra hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins, að skila sér í bættum árangri innan skamms.

3 Skólinn og umhverfi hans

3.1 Grunnskóli Vestmannaeyja

Grunnskóli Vestmannaeyja hefur verið starfræktur frá haustinu 2006 en þá sameinuðust Barnaskóli Vestmannaeyja og Hamarsskóli. Skólastarf byggir á langri sögu í Vestmannaeyjum en Barnaskóli Vestmannaeyja hafði starfað samfleytt frá 1880. Haustið 2007 var GRV aldursskipt þannig að nemendur í 1. – 5. bekk eru í Hamarsskóla og nemendur í 6. – 10. bekk eru í Barnaskóla.

Sameining skólanna tveggja hefur verið afar umfangsmikið verkefni og var stjórn skólanna sameinuð undir einn skólastjóra. Einn af meginhvötum sameiningarinnar var einmitt að efla faglegt innra starf með því að setja allt skólastarf á grunnskólastigi undir sama hatt. Eðli málsins samkvæmt, þegar tvær rótgrónar skólaflokkar voru sameinaðar, mætti verkefnið nokkurri andstöðu í fyrstu. Hins vegar hefur verkefnið gengið vel og nú, fimm árum síðar, virðist almenn sátt ríkja um breytinguna meðal allra helstu hagsmunaaðila skólans.

Skólastarfið er um margt sérstakt þegar nemendum er skipt nánast í tvo aðskilda hópa hvað húsnæði varðar og hefur verið sérstaklega hugað að því að skapa sem besta samfellu milli 5. og 6. bekkja. Stjórnendur og starfsfólk hafa einnig verið vakandi yfir því að hafa 6. og 7. bekk í skólarými með unglingastigi.

Skólaárið 2011-2012 eru 29 bekkjardeildir í skólanum með um 580 nemendum. Undanfarin ár hefur nemendum við skólann fækkað nokkuð stöðugt og að sögn stjórnenda telja yngstu árgangarnir við GRV um 50 nemendur á meðan útskriftarárgangar undanfarinna ára hafa verið allt að 80 nemendur að stærð. Þegar mest var voru nemendur um 800 talsins (árið 2000), en nemendafjöldinn mun að öllum líkindum ná jafnvægi í kringum 500 nemendur.

Að sögn forsvarsmanna fræðslumála í Vestmannaeyjum lá fyrir þegar nemendafjöldi á grunnskólastigi náði hámarki um sl. aldamót að nemendum myndi fækka umtalsvert á næstu árum á eftir og m.a. af þeim sökum var farið að skoða

möguleika á sameiningu skólanna í eina stofnun ásamt því að leitast við að fækka stjórnendum. Á þeim tíma voru bekkir í Hamarsskóla yfirleitt fámennari (13-19 nemendur í bekk) en í Barnaskóla (20-26) Talið var að þar væri um misskiptingu að ræða og mikilvægt að leiðrétta það og jafna fjöldann í bekkjunum. Ef reiknaður var út meðalfjöldi í báðum skólum var nemendafjöldinn um 18- 20 nemendur í hverjum bekk og hefur sú meðaltala haldist um árabil.

Almennt hafa verið 3 bekkjardeildir í árgangi í GRV og því eru elstu bekkirnir (stærstu árgangarnir) frekar fjölmennir, eða yfir 25 nemar að meðaltali, en yngstu bekkirnir með færri en 20 nemendur um þessar mundir. Að sögn stjórnenda væri kjörstaðan að árgangar væru að jafnaði með þremur um 20 nema bekkjardeildum.

3.2 Starfsfólk

Við GRV starfa 81 kennari skólaárið 2011/2012. Menntunarstig kennarahópsins er gott og segja má að allir kennarar séu með viðeigandi menntun á háskólastigi. Yfir 70% kennarahópsins eru með BEd gráðu og aðrir ýmist með framhaldsnám (MEd.) til viðbótar eða menntun frá KÍ, ÍKÍ og/eða HÍ. Ellefu úr kennarahópnum eru karlkyns. Við skólann starfa 14 stuðningsfulltrúar í 9 stöðugildum og hefur fjöldi stuðningsfulltrúa verið nokkuð stöðugur undanfarin ár að sögn stjórnenda.

Starfsmannavelta við GRV hefur verið mjög lítil undanfarin ár og hefur nokkuð borið á því síðustu ár að ungir nýútskrifaðir kennarar hafa ekki getað fengið starf við skólann. Starfsaldur er almennt hár við skólann og því almennt bæði vel menntað og reynslumikið starfsfólk við GRV. Endurmenntun hefur að sögn kennara og stjórnenda verið virk og margir núverandi kennara í framhaldsnámi. Starfsandi virðist vera mjög góður við skólann. Meðalaldur kennara við skólann er 46 ár og meðalkennsluferill er 15 ár.

3.3 Aðbúnaður

Skólahúsnæðið er almennt í ágætu ásigkomulagi og henta starfsemi skólans, þrátt fyrir að hluti bygginga séu komnar til ára sinna. Farið var í umfangsmiklar framkvæmdir á skólahúsnæði samhliða samruna grunnskólanna tveggja og að sögn eru engar stórar framkvæmdir áætlaðar á næstu misserum. Skólabyggingar voru í eigu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar og í kjölfar óvissu með eignarhald þess félags í kjölfar efnahagshrunsins hafa framkvæmdir legið nokkuð niðri að sögn stjórnenda. Þau mál virðast hins vegar vera að leysast.

Kennarar eru almennt ánægðir með starfsaðstöðu sína, kennslustofur séu góðar og almennt vel búnar. Kennarar geta unnið í kennslustofum auk þess sem sameiginleg vinnuaðstaða er fyrir kennara. Tölvubúnaður er endurnýjaður eftir þörfum en ágæt tölvuaðstaða er við skólann. Bókasafn er gott með ágætt úrval af bókum.

Heitur matur í hádegi er í hvoru skólahúsi fyrir sig, eldaður af einkaaðila, og borinn fram í móttökueldhúsi. Almenn ánægja var með matarþjónustu við GRV. Eldhúsaðstaða við skólann uppfyllir viðeigandi kröfur, en skv. starfsfólki þar er heldur þröngt um starfsfólk í eldhúsi.

Skólalóð er góð og uppfyllir allar viðeigandi kröfur að sögn stjórnenda, en að þeirra mati mætti hins vegar fara að endurnýja skólalóð heildstætt. Að sögn forsvarsmanna sveitarfélagsins hefur talsvert fjármagn farið í að bæta skólalóðirnar síðustu ár m.a. með kaupum á leiktækjum og með ýmiss konar lagfæringum. Gert er ráð fyrir fjármagni til áframhaldandi vinnu við endurnýjun skólalóðanna í fjárhagsáætlun ársins 2012 að sögn yfirvalda. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð í Vestmannaeyjum.

3.4 Helstu einkenni skólans

Leiðarljós Grunnskóla Vestmannaeyja felst í hugtökunum *Gleði, Öryggi og Vinátta*. Haustið 2010 hóf GRV innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* í skólastarfið. Liður í því var að nemendur völdu sér lífsgildi. Haldið var nemendaping þar sem nemendur settust

saman og völdu þessi gildi. Lífsgildi eru ekki reglur heldur sameiginleg sannfæring um það sem skiptir máli í skólanum. Í Uppeldi til ábyrgðar er lykilatriði að gildin sem valin eru komi frá nemendum sjálfum. Því voru sendir fulltrúar frá öllum bekkjum á þingið, alls tæplega 30 nemendur á aldrinum 6 til 16 ára. Hver bekkur hafði valið þrjú gildi sem hann sendi fulltrúann sinn með á þingið. Gildin GLEÐI, ÖRYGGI og VINÁTTA urðu að lokum fyrir valinu.

Að sögn stjórnenda var í raun hafist handa við að smíða nýjan skóla hvað innra starfið varðar, t.d. var skólanámsskrá GRV skrifuð frá grunni. Vitaskuld var byggt á ýmsu þróunarstarfi frá því fyrir sameiningu, t.a.m. hafði verið hafin innleiðing á Olweusar-áætluninni gegn einelti árið 2004 og hefur verið starfað eftir þeirri áætlun síðan. Vorið 2010 hófst svo innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar sem miðar að því að kenna einstaklingum sjálfsaga og fellur sú vinna mjög vel að Olweusar-áætluninni.

Af öðrum þróunarverkefnum GRV má nefna Orð af orði (sjá kafla 6.11). Starfsfólk skólans leggur jafnframt mikið uppúr því að nýta einstaka náttúru Vestmannaeyja sem mest í skólastarfinu og því er verkefnið *Náttúruvísindi á Heimaey* einnig þáttur í þróunarvinnu skólans og liður í því eru árlegir Náttúruvísindadagar við GRV.

Haustið 2008 var tekið upp ferðakerfi í unglingadeildinni. Með ferðakerfinu gefst duglegum nemendum kostur á því að flýta námi sínu og jafnvel hefja nám við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum ári fyrir en ella.

Ferðakerfið er skipulagt í íslensku og stærðfræði í 8. bekk en í öllum kjarnagreinunum í 9. og 10. bekk, þ.e. íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku. Allur árgangurinn er þá á sama tíma í t.d. stærðfræði. Yfirleitt er boðið upp á þrjá ferðamöguleika, ef nemendur í árgangi eru margir gætu ferðamöguleikarnir verið fjórir. Ferðir sem eru í boði eru flugferð, hraðferð, miðferð og hægferð. Tekið er tillit til þess að árgangar eru misjafnir og því getur verið misjafnt milli ára og námsgreina hvaða ferðir bjóðast hverju sinni. Skólaárið 2011-2012 eru t.d. tvær miðferðir og ein hraðferð í íslensku í 8. bekk en mið- hrað- og flugferð í stærðfræði í sama árgangi.

Árlegur kennslutími við Grunnskóla Vestmannaeyja er í samræmi við aðalnámsskrá grunnskóla (sjá m.a. viðauka A.2). Að mati stjórnenda og fulltrúa fræðslu- og menningarráðs hafa engin sérstök vandkvæði fylgt því að innleiða ákvæði laga um

grunnskóla frá 2008. Hefur það almennt gengið vel og ekki leitt til sérstaks kostnaðarauka að mati stjórnenda GRV.

3.5 Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Ekki hefur þurft að grípa til sérstakra hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á haustmánuðum 2008 við GRV. Mikil innri vinna hafði farið fram samhliða sameiningu grunnskólanna 2006 og búið að fara í gegnum alla helstu liði skólastarfsins í Vestmannaeyjum. Einkum hafði verið hagrætt í stjórnun frá fyrra fyrirkomulagi þar sem stjórnendur eru fimm talsins við GRV (skólastjóri auk aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra í hvoru skólahúsi) í stað tíu áður. Fram kom í máli fulltrúa fræðslu- og menningarráðs að þessi þróun væri í samræmi við ríkjandi almenna stefnu Vestmannaeyjabæjar um fækkun millistjórnenda. Bæði sterk fjárhagsleg staða sveitarfélagsins og almennt gott atvinnuástand í Vestmannaeyjum hafa valdið því að ekki hefur verið jafn rík þörf til hagræðingar í skólamálum og víðast hvar annarsstaðar hérlendis undanfarin misseri.

Stjórnendur og starfsfólk GRV segjast almennt geta sinnt nemendum skólans mjög vel og fækkun kennslustunda undanfarin ár hefur einungis verið afleiðing fækkunar nemenda við skólann. Að sögn stjórnenda hefur ekki verið uppi krafa um uppsagnir vegna efnahagshrunsins en engu að síður er gætt vel að því að reksturinn sé með sem hagkvæmustum hætti.

3.6 Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur mátt glíma við nokkra fækkun nemenda frá sl. aldamótum, sem m.a. var einn hvati þess að sameina Hamarsskóla og Barnaskóla í einn Grunnskóla Vestmannaeyja árið 2006.
- Sameining grunnskólanna tveggja hefur verið afar umfangsmikið verkefni í ekki stærra sveitarfélagi en Vestmannaeyjabæ, og hefur almennt tekist vel til með

verkefnið að mati úttektaraðila. Allir hagsmunaaðilar sem rætt var við töldu núverandi fyrirkomulag hafa sannað gildi sitt á undanförunum árum.

- Mikill tími stjórnenda hefur farið í sameiningarferlið, en stjórnendum var jafnframt fækkað nokkuð samhliða samrunanum.
- Aðbúnaður við skólann er almennt góður, húsnæði var mikið endurnýjað samhliða sameiningu skólanna og skólalóð uppfyllir viðeigandi kröfur.
- Mikið uppbyggingarstarf hefur átt sér stað við GRV allt frá ritun nýrrar skólanámsskrár til ýmissa þróunarverkefna innan skólans.
- Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins eru vart merkjanleg við GRV. Bæði sterk fjárhagsleg staða sveitarfélagsins og almennt gott atvinnuástand í Vestmannaeyjum hafa valdið því að ekki hefur verið jafn rík þörf til hagræðingar í skólamálum og víðast hvar annarsstaðar hérlandis undanfarin misseri.

4 Skólanámskrá

Skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja liggur fyrir og er hún gefin út á hverju hausti. Skólanámskráin er tvískipt, annars vegar almennur hluti og hins vegar námsvísar hvers árgangs. Í almenna hlutanum má finna stefnu skólans, áherslur og leiðarljós. Þá má finna ágrip af söguskólans og ýmsar hagnýtar upplýsingar um starfsemi hans. Námsvísarnir eru aftur á móti lýsingar á þeim námsgreinum sem kenndar eru í hverjum árgangi. Í hverri námsgrein í námsvísi eru sett markmið, viðfangsefni talin upp, hvert inntak námsgreinarinnar er og hvaða leiðir eru farnar í kennslunni og hvaða kennsluaðferðir notaðar, hvaða kennslugögn eru notuð og hvers konar námsmat er notað í viðkomandi grein og á hvaða þáttum það byggir.

Skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja má finna á vef skólans.

4.1 Uppfyllir skólanámskrá skólans ákvæði aðalnámskrár?

Skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2006 og eru nokkuð skýr tengsl þar á milli. Í þeirri aðalnámskrá grunnskóla sem hér um ræðir er lögð áhersla á aukið sjálfstæði skóla, meiri sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu, áhersla lögð á einstaklingsmiðaða kennslu og samfellu í námi á milli skólastiga. Grunnskóli Vestmannaeyja tekur að flestu leyti mið af þessum áherslum og birtast þær í skólanámskránni með þeim hætti að þar er lögð áhersla á sveigjanleika í námi og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Einstaklingsmiðað nám er haft að leiðarljósi að því marki sem efni og aðstæður gefa tilefni til. Samfella á milli skólastiga birtist m.a. með þeim hætti að gott samstarf er á milli leikskólanna í sveitarfélaginu og skólans þar sem farnar eru heimsóknir bæði frá leikskólunum í grunnskólann og frá grunnskólanum í leikskólann. Sterkustu tengslin eru þó við elsta árganginn í leikskólanum þar sem sá árgangur er staðsettur í grunnskólanum (einni álmu Hamarsskóla). Tengslin við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum eru fyrst og fremst á unglingastigi og þá aðallega í 10. bekk þar sem m.a. starfsemi framhaldsskólans er kynnt nemendum og nemendur eiga þess kost að taka t.d. stærðfræðiáfanga, ensku, dönsku og íslensku á framhaldsskólastigi.

4.2 Tengsl við skólastefnu sveitarfélags

Skóla- og æskulýðsstefna Vestmannaeyjabæjar liggur fyrir. Skóla- og æskulýðsstefnan er leiðarvísir um áframhaldandi uppbyggingu árangursríks skóla- og æskulýðsstarfs í Vestmannaeyjum. Megináherslupættir skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar eru byggðir á fimm kjörorðum sem eru ábyrgð, samvinna, fjölbreytileiki, vellíðan og árangur. Áréttað er í stefnunni að hún taki mið af þörfum barna og unglinga og að komið sé í veg fyrir hvers konar mismunum. Tilgangurinn sé að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga. Þá er einnig í stefnunni lögð mikil áhersla á samstarf við heimilin með þátttöku foreldra í námi og starfi barna sinna. Einnig er áherslupáttur í stefnunni að skólastarfið einkennist af lýðræðislegum starfsháttum og að stjórnendur og starfsmenn skóla hafi skýra sýn sem einkennist af fagmennsku. Þá leggja bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum áherslu á að sérkenni og aðstæður í Vestmannaeyjum verði m.a. umgjörð skóla- og æskulýðsstarfs.

Flesta þessa þætti má finna í skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja og því má segja að megininntak skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar komi fram í skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja.

4.3 Mótun stefnu

Stefna skólans er fyrst og fremst mótuð af stjórnendum hans og því starfsfólki sem kemur að sérhverjum þætti skólastarfsins sem birtist í skólanámskránni. Þetta eru t.d. svokallaðir fag- og verkefnisstjórar sem stýra ákveðnum verkefnum innan skólans. Það kemur hins vegar ekki fram í skólanámskránni hverjir koma að mótun stefnunnar.

4.4 Stefna um kennslu, námsskipulag og samstarf kennara

Stefna skólans um kennslu, námsskipulag og samstarf kennara má finna í skólanámskránni. Hins vegar eru kennsluáætlanir og námsvísar ekki að finna þar, en þessar upplýsingar má finna á heimasíðu skólans. Tekin var ákvörðun um það fyrir tveimur árum að hafa kennsluáætlanir og námsvísa í sér skjali fremur en hluta af skólanámskrá – ástæðan var sú að foreldrar og starfsmenn töldu skólanámskrána of viðamikla og þ.a.l. minni líkur á að fólk læsi hana. Á sama hátt væri líklegra að foreldrar fylgdust með kennsluáætlunum ef þær væru sérstakt plagg.

4.5 Fjölbreytt námsmat

Í skólanámskránni er ekki að finna neinar upplýsingar um námsmat. Sá hluti námskrárinnar er í vinnslu og stefnt að því að sá kafli verði að fullu birtur í skólanámskrá sem kemur út haustið 2012

4.6 Sjálfsmatsaðferðir

Í skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja er ekki að finna upplýsingar um mat á skólastarfi.

4.7 Samþætting grunnþátta

Samþætting grunnþátta inn í skólastarfi kemur að flestu leyti fram í skólanámskránni. Það er þó ekki með beinum hætti heldur í gegnum ýmsa aðra kafla skólanámskrárinnar, s.s. í stefnu skólans, námsvísu og kennsluáætlunum.

4.8 Tengsl við skóla og stofnanir

Tengsl Grunnskóla Vestmannaeyja við aðra skóla og stofnanir koma ekki skýrt fram í skólanámskrá nema þá helst tengslin við Framhaldsskólann vegna þeirra áfanga

sem nemendur á unglingastigi geta tekið á framhaldsskólastigi. Samstarf við skólaskrifstofu, sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, heilsugæslu, tónlistarskóla og íþróttá- og tómstundafélög er ekki getið í skólanámskrá.

4.9 Skólareglur og meðferð mála

Skólareglur og meðferð mála koma skýrt fram í skólanámskrá. Þar má finna sérstakan kafla um skólareglur. Einnig er þar að finna nokkrar upplýsingar um verkefnið Uppeldi til ábyrgðar sem skólinn hóf innleiðingu á haustið 2010.

4.10 Mat úttektaraðila

- Skólanámskráin er ekki nægjanlega skýr eins og hún birtist. Efnislega má finna þar flesta þá þætti sem gert er ráð fyrir að eigi heima í skólanámskrá samkvæmt lögum. Hins vegar eru fyrrgreindir efnisþættir ekki nægjanlega skipulagðir og skilmerkilega uppsettir. Það vantar í raun heildstæða uppbyggingu á skólanámskránni þó svo að efnisþættirnir séu til staðar.
- Skólanámskráin skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsvísa. Námsvísarnir lýsa í megindráttum inntaki náms í öllum árgöngum en ekki er þar að finna kennsluáætlanir fyrir hverja námsgrein. Kennsluáætlanirnar má finna á heimsíðu skólans en lagt er til að þær verði einnig hluti af námsvísum og þar með skólanámskrá. Þannig fæst heildstæðari mynd.
- Enginn kafli um námsmat í skólanámskrá, en hann er í vinnslu
- Enginn kafli um mat á skólastarfi í skólanámskránni
- Samþætting grunnþátta birtist að flestu leyti í skólanámskrá. Hugsanlega mætti þó vera sérstakur kafli um grunnþættina og hvernig þeir birtast í skólastarfi GRV.
- Tengsl við aðrar stofnanir sveitarfélagsins eru talin upp í skólanámskrá. Sérstaklega er fjallað um tengsl við önnur skólastig, þ.e. leikskóla og framhaldsskóla.

- Skólareglur og meðferð mála koma skýrt fram í skólanámskrá.

5 Stjórnun og rekstur

5.1 Stjórnskipulag

Stjórnun og fagleg forysta Grunnskóla Vestmannaeyja er í höndum skólastjóra sem nýtur m.a. stuðnings aðstoðarskólastjóra og deildastjóra. Fastir kennarafundir eru haldnir vikulega, eftir skólastigum og -húsum. Sameiginlegir fundir eru haldnir reglulega með öllu starfsfólki t.d. um Olweusar-verkefni og annarra þróunarverkefna.

Lögð hefur verið áhersla á að tryggja sem mesta samfellu fyrir nemendur á milli skólahúsanna tveggja, og því hefur a.m.k. einn kennari fylgt sínum árgangi í flutningum milli húsa. Að sögn stjórnenda er vilji þeirra að formfesta þetta ferli enn frekar.

Við innri vinnu, t.d. við gerð skólanámskrár og skóladagatals, er lögð áhersla á að fá fram sjónarmið kennara og starfsfólks í upphafi áður en verk eru fullunnin af stjórnendum. Rýnivinna fór fram sl. haust með aðkomu alls starfsfólks þar sem umbætur voru gerðar í kjölfar ábendinga sem þar komu fram.

Að mati úttektaraðila er mikið álag á stjórnendum sem segjast reglulega þurfa að forgangsraða verkefnum, og þar er að sögn pappírsvinna frekar látin víkja fyrir mikilvægum samskiptum ef velja þarf á milli. Því er nokkur þörf á stuðningi á stjórnunarstiginu einkum til að fullklára ýmis fagleg innri verkefni sem verið er að vinna við GRV.

Í skólanámskrá er lítið fjallað um stjórnun skólans, en þó er tilgreint hvaða aðilar fara með stjórnun skólans. Verkaskipting stjórnenda er skýr og liggur fyrir í starfslýsingum. Uppfærðar starfslýsingar fyrir alla starfsmenn GRV voru kynntar sl. haust að sögn stjórnenda. Gagnlegt væri að setja meira af upplýsingum af þessu tagi inná heimasíðu skólans.

Skólastarfið er almennt í mjög föstum skorðum og í samræmi við skólanámskrá. Nýr skólastjóri kom til starfa við GRV haustið 2006 og leiddi samrunaferlið.

Skólastjóri skiptir vinnutíma sínum milli skólahúsanna tveggja, einn dag hvoru megin til skiptis.

Stjórnskipulag skólans er skilvirkt og samskipti opin milli aðila. Gætt er að því að helstu ákvarðanir séu teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Samstarf stjórnenda hvort heldur við starfsfólk, nemendur, foreldra og/eða skólayfirvöld er gott. Góður starfsandi og samheldni einkennir starfsmannahóp GRV og t.a.m. fór hann nánast allur saman í náms- og kynnisferð til Þýskalands fyrr í haust.

Að sögn stjórnenda er verið að endurskoða fyrra skipurit GRV í kjölfar fækkunar millistjórnenda undanfarin misseri.

5.2 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við Grunnskóla Vestmannaeyja og samsetning þess í samræmi við kröfur yfirvalda. Fulltrúi nemenda situr þó ekki alla fundi ráðsins en er kallaður til ef dagskrá fundarins tengist hagsmunum nemenda, í samræmi við heimild í reglugerð (5.gr. Rg.#1157).

Fram kom í máli fulltrúa í skólaráði að starf ráðsins hefur ekki verið nægilega formfast undanfarin misseri og t.a.m. hefur gengið illa að fá fullnægjandi mætingu fulltrúa á boðaða fundi ráðsins. Ekki hafa verið settir fram fastir fundartímar en að sögn skólastjóra er miðað við að halda tvo fundi á námsönn.

Af fundargerðum skólaráðs GRV má merkja nokkrar áhyggjur fulltrúa af forgangsröðun málefna skólans í samfélaginu. Fram kemur að tilhneiging virðist vera til þess að setja íþróttaiðkun og atvinnuþátttöku nemenda framar skólastarfinu. Verður það að teljast nokkuð áhyggjuefni að mati úttektaraðila.²

²Fundargerð skólaráðs GRV dags. 15/06/2011

5.3 Hagsmunir nemenda

Í GRV er starfandi nemendaverndarráð og í því sitja skólastjórnendur, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Kennarar vísa til nemendaverndarráðs málum er varða velferð nemenda. Umsjónarkennari skal upplýstur um stöðu mála.

Nemendaráð hefur starfað við skólann í 8.-10. bekk í samræmi við lagaákvæði grunnskólalaga. Á yfirstandandi skólaári hefur hins vegar ekki tekist að skipa ráðið enn. Að sögn stjórnenda er það einkum vegna þess að ekki hefur fundist aðili til þess að starfa með og leiðbeina ráðinu.

Framboð valgreina á unglingastigi er mjög fjölbreytt við GRV. Til viðbótar miklu úrvali valgreina gefst nemendum kostur á að leggja til aðrar valgreinar. Boðið er upp á bóklegar sem og verklegar greinar. Nám í Tónlistarskóla Vestmannaeyja, íþróttaiðkun, leiklist á vegum LV, skákæfingar á vegum TV og þátttaka í starfsemi Skátafélags og Björgunarfélags Vestmannaeyja er t.a.m. metið sem valgreinar. Valbók er birt á heimasíðu skólans, www.grv.is. Þar má finna upplýsingar um alla valáfanga sem eru í boði ár hvert.

5.4 Mat úttektaraðila

- Stjórnskipulag skólans er skilvirkt og samskipti opin milli aðila. Gætt er að því að helstu ákvarðanir séu teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila.
- Nýr skólastjóri kom til starfa við GRV haustið 2006 og leiddi samrunaferlið. Skólastjóri skiptir vinnutíma sínum milli skólahúsanna tveggja.
- Að mati úttektaraðila er mikið álag á stjórnendum sem segjast reglulega þurfa að forgangsraða verkefnum. Virðist því vera nokkur þörf á stuðningi á stjórnunarstiginu t.d. við frágang ýmissa faglegra innri verkefni sem verið er að vinna við GRV.

- Skólaráð er starfandi við Grunnskóla Vestmannaeyja og samsetning þess í samræmi við kröfur yfirvalda. Fram kom í máli fulltrúa í skólaráði að starf ráðsins hefur ekki verið nægilega formfast undanfarin misseri. Af fundargerðum skólaráðs GRV má merkja nokkrar áhyggjur fulltrúa af forgangsröðun málefna skólans í samfélaginu.
- Við í GRV er starfandi nemendaverndarráð og nemendaráð hefur verið starfsrækt í samræmi gildandi kröfur. Á yfirstandandi skólaári hefur hins vegar ekki tekist að skipa ráðið enn. Framboð valgreina á unglingastigi er mjög fjölbreytt og tengsl valgreina við íþrótt- og æskulýðsstarf til fyrirmyndar.

6 Nám og kennsla

6.1 Menntun kennara

Til þess að ná markmiðum sínum er mikilvægt að skólinn hafi menntaða kennara í sínum röðum. Í Grunnskóla Vestmannaeyja er það svo að í öllum kennarastöðum eru kennarar með kennsluréttindi, hvort sem um ræðir almenna kennslu eða list- og verkgreinakennslu.

6.2 List- og verkgreinar

Hluttur list- og verkgreina í Grunnskóla Vestmannaeyja skólaárið 2011-2012 er með þeim hætti að í 1.– 4. bekk eru að jafnaði 6 kennslustundir á viku. Í 5.– 7. bekk eru að jafnaði 6 kennslustundir á viku og í 8.– 10. bekk er um val að ræða í verk- og listgreinum. Á unglingastigi er nemendahópum / bekkjum skipt í 10-14 manna hópa í öllum list- og verkgreinum.

6.3 Fjölbreyttir kennsluhættir

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er reynt eftir fremsta megni að stunda fjölbreytta kennsluhætti. Það birtist m.a. í viðhorfi og þekkingu kennara á námi og kennslu. Kennarar leggja sig fram um að koma til móts við þarfir nemenda með fjölbreyttum hætti. Kennarar meta út frá viðfangsefninu hverju sinni, einstaklingunum og nemendahópnum hvaða aðferðir henti best til kennslunnar. Kennarar skólans sem rætt var við sögðu samt sem áður að fjölbreytnin í kennsluháttum minnkaði á unglingastigi og að það þyrfti meiri samræmingu í þessum efnum yfir skólann.

6.4 Fjölbreytt námsmat

Fjölbreytni í námsmati er annar áherslupáttur í starfi Grunnskóla Vestmannaeyja og uppfyllir kröfur aðalnámskrár um fjölbreytni. Undanfarin misseri hefur verið unnið að

Því að endurskoða námsmat í skólanum með það að markmiði að hafa námsmatið fjölbreytt þannig að það mæliólíka styrkleika nemenda. Kennarar skólans fengu t.d. nýlega fræðslufund um námsmat – sem lið í endurskoðuninni. Í skólanum eru svokölluð lokapróf en auk þeirra er áhersla lögð á símat. Próf í annarlök mega aldrei gilda meira en 50% af lokaekinnun. Leitast er við að auka hlut leiðsagnarmats, í stað lokamats, sem hluta af námi nemenda.

6.5 Nýting upplýsingatækni í kennslu

Með tilkomu fjölbreyttra kennsluhátta eru tölvur og tækni meira notuð við kennslu nú en áður. Tölvur eru komnar í allar stofur og skjávarpar í hluta kennslustofa, aðallega á unglingastigi. Í vor er stefnt á að komnir verði skjávarpar í allar bóknámsstofur á unglingastigi og í a.m.k. eina bekkjarstofu í hverjum árgangi hjá yngri nemendum. Nemendur nota tölvur aðallega við upplýsingaleit, vinnslu verkefna (Word, Excel, PowerPoint) og við úrlausn rafrænna verkefna/forrita. Einnig er tölvustofan vel tækjum búin og fá nemendur kennslu þar í upplýsingamennt. Tölvur eru á bókasafni sem nýtast í upplýsingaöflun og fleira. Tölvubúnaður er uppfærður og endurnýjaður eftir þörfum. Skólinn fær fjármagn til þess og eru þau mál í nokkuð góðu standi að mati þeirra stjórnenda og starfsfólks sem rætt var við.

6.6 Lýðræðislegir kennsluhættir

Kennsluhættir í Grunnskóla Vestmannaeyja eru lýðræðislegir að því marki sem lítur að lögum og reglugerðum um hlutverk kennara. Í Grunnskóla Vestmannaeyja er það í höndum hvers og eins kennara hvernig hann útfærir kennsluna svo framarlega sem markmiðum er náð og nemendur ná árangri.

6.7 Fyrirkomulag og umfang heimanáms

Í skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja er sérstakur kafli um heimanám. Þar má finna upplýsingar um með hvaða hætti áætlanir um heimanám birtast. Vikuáætlanir eru sendar heim og/eða settar inn á Mentor. Frá og með 5. bekk læra nemendur sjálfir að bera ábyrgð á heimanáminu með aðstoð foreldra og kennara. Umfang heimanáms er stillt í hóf en það fer eftir aldri, þroska og einbeitingu hvers og eins hversu mikið heimanámið er hverju sinni. Foreldrar eru mjög sáttir við þetta fyrirkomulag og eru sérstaklega ánægðir með Mentor. Hins vegar koma fram í viðtölum við foreldra að þeir telja að heimanám sé of lítið og mætti leggja aukna áherslu á það.

6.8 Valnámskeið nemenda

Á unglingastigi 8. -10. bekk er nemendum boðið upp á valnámskeið en valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda. Nemendurnir velja námgreinar sem samsvara 6 kennslustundum á viku. Framboð valnámskeiða ræðst af eftirspurn. Nemendum gefst kostur á að koma með tillögur að valnámskeiðum en reynt er að hafa valið sem fjölbreytilegast og að allir finni námskeið við sitt hæfi. Valbók, þar sem skilgreiningar á öllum valnámskeiðum koma fram, má finna á heimasíðu skólans. Lögð er áhersla á að nemendur velji sér valnámskeið út frá eigin áhuga, hæfni og getu en stjórnist ekki af vali vinanna. Valnámskeið nemenda er á engan hátt kynbundið. Bæði kyn hafa jafnan rétt á að sækja þau námskeið sem þau kjósa. Valgreinar utan skóla eru einnig metnar inn í skólann. Náms í Tónlistarskóla Vestmannaeyja hefur t.d. í mörg ár verið metið sem valgrein í grunnskólanum. Einnig hafa íþróttagreinar (handbolti, fótboldi, karfa, sund og fimleikar) verið metnar sem valgrein, leiklist á vegum Leikfélags Vestmannaeyja, skák á vegum Taflfélags Vestmannaeyja, skátastarf og starf Björgunarfélags Vestmannaeyja. Þarna er um að ræða mjög gott samstarf grunnskólans og annarra félaga í sveitarfélaginu.

6.9 Einstaklingsbundnar námsáætlanir

Samkvæmt skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja og viðtölum við kennara eru einstaklingsbundnar námsáætlanir útbúnaðar fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Í skólanum eru svokölluð námsver, alls fjögur talsins eitt á hverju stigi auk námsvers fyrir fatlaða nemendur og þá sem eiga við mikla námserfiðleika að etja. Tilgangur námsveranna er að þjónusta nemendur sem ekki hafa náð lágmarksfærni í ákveðnum námsgreinum og að vinna með nemendum sem það hentar betur að vinna í smærri hópum. Eitt af aðalmarkmiðum námsveranna er að útbúa einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda og vinna með viðkomandi að því að ná sínum markmiðum.

6.10 Endurmenntun kennara

Í skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja er ekkert sagt til um endurmenntun kennara. Endurmenntunarstefnu er heldur ekki að finna í gögnum frá skólanum. Í fyrra starfsmannasamtali vetrarins er farið yfir óskir um/ þörf fyrir endurmenntun að sögn stjórnenda. Fyrir seinna viðtal eru áherslur skólans fyrir næsta ár kynntar og kennarar fylla út og skila starfsþróunareyðublaði. Samt sem áður eru kennarar og skólastjórnendur mjög áhugasamir um endurmenntun og reyna að koma henni við þegar þess þarf. Nýverið voru allir kennarar á fræðslufundi um námsmat og munu kennarar halda áfram að vinna með niðurstöður fundarins á vorönn.

6.11 Þróunarverkefni

Grunnskólinn í Vestmannaeyjum vinnur að þremur megin þróunarverkefnum. Það fyrsta er verkefni um læsi, Orð af orði. Meginmarkmið þess verkefnis er að koma á auðugu málumhverfi og efla vitund um gildi orða og lesturs fyrir nám, koma á fjölbreytilegri orðavinnu, bæði greinandi og skapandi og að kenna nemendum aðferðir til að greina merkingu orða og beina sjónum markvisst að lesskilningi. Annað þróunarverkefnið sem unnið er að er verkefnið Uppeldi til ábyrgðar. En

hugmyndafræði þess verkefnis miðar m.a. að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn barna og unglunga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Þriðja þróunarverkefnið sem skólinn vinnur að er verkefni sem ber heitið Náttúruvísindi á Heimaey. markmið verkefnisins er að efla umhverfisvitund nemenda og gera þá meðvitaðri um umhverfi sitt og heimabyggð, miðla fróðleik um náttúru Vestmannaeyja í gegnum veraldarvefinn, efla áhuga og námsgleði nemenda og efla flæði á milli skólastiga svo samfella skapist í námi. Auk þessara þróunarverkefna starfar skólinn eftir Olweusar-áætluninni gegn einelti og andfélagslegu atferli.

6.12 Mat úttektaraðila

- Allir kennarar GRV er með kennsluréttindi hvort sem um ræðir almenna bekkjarkennara eða list- og verkgreinakennara.
- Vel er staðið að kennslu í list- og verkgreinum. 10-15 manna hópar í þeim greinum sem auðveldar nám og kennslu.
- Fjölbreytni kennsluhátta í GRV er talsverð. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytnina en það er samt sem áður undir hverjum og einum kennara komið hvernig sú fjölbreytni birtist. Treyst er á hæfni og styrk hvers kennara að útfæra kennsluna í samræmi við markmið námsgreinarinnar.
- Stöðugt er unnið að fjölbreytni námsmats í GRV. Markmiðið er að námsmatið mæli ólíka styrkleika nemenda. Engin lokapróf hafa meira en 50% vægi í lokaeinkunn.
- Nýting upplýsingatækni í kennslu er nokkuð góð. Gæti þó verið meiri og ítarlegri þar sem reynir enn meira á hæfni nemenda á þessu sviði. Búnaður til kennslunnar nokkuð góður.
- Nokkur sátt ríkir um fyrirkomulag og umfang heimanáms. Mentor er mikið notað við gerð vikuáætlana sem er mjög jákvætt. Það gerir foreldrum auðveldara með

að fylgjast með heimanámi barnanna. Foreldrar telja að heimanámið þurfi að vera meira.

- Framboð valnámskeiða á unglingastigi er mjög gott. Nemendur geta haft áhrif á framboð valgreina en það fer eftir eftirspurn hverju sinni hversu margar valgreinar eru í boði. Íþrótt- og félagsstarf metið sem valgrein.
- Einstaklingsbundnar námsáætlanir útbúnar fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Það eru aðallega nemendur með sérþarfir. Vel er hlúð að þeim í skólanum.
- Endurmenntun kennara er í góðu horfi. Endurmenntunaráætlanir liggja fyrir en ekki endurmenntunarstefna. Mætti birtast með skýrari hætti og úi skólanámskrá. Hugsanlega er framboð námskeiða ekki nægjanlegt eða nógu fjölbreytt. Mikilvægt er að endurmenntunin endurspegli áherslurnar í skólastarfinu hverju sinni.
- Öflugt þróunarstarf er við skólann og hefur verið til margra ára. Skólinn er framarlega hvað varðar læsi og skilning. Uppeldi til ábyrgðar verkefnið er skýrt og skilmerkilegt og skilar góðum árangri. Náttúruvísindi á Heimaey er einnig spennandi og jákvætt verkefni.

7 Skólabragur og samskipti

7.1 Starfsandi og skólabragur

Allir þeir aðilar sem rætt var við og starfa í skólanum, þ.e. skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk voru sammála um að starfsandinn í Grunnskóla Vestmannaeyja væri mjög góður. Samheldni ríkir í starfsmannahópnum. Ýmislegt er gert til þess að halda uppi góðum anda, eins og til dæmis hittast starfsmenn utan vinnutíma til þess að sinna áhugamálum, fara saman á jólahlaðborð og slíkt. Einnig var farið í náms- og kynnisferð til Þýskalands nú í haust þar sem allir starfsmenn höfði kost á að koma með. Sú ferð heppnaðist mjög vel og voru þeir starfsmenn sem rætt var við sammála um að hún hafi aukið enn frekar á góðan starfsanda. Nemendur telja skólabraginn einnig nokkuð jákvæðan en mætti þó vera betri. Oft megji sjá neikvæð samskipti á milli nemenda, sérstaklega á unglingastigi. Einnig töldu þeir að of mikill hávaði skapaðist inni í kennslustundum þannig að vart sé vinnufriður. Hugsanlega megji tengja þetta fjölda nemenda í hverri bekkjardeild á unglingastigi.

Rétt er að benda á að kennarar sem glíma við agavandamál hafa ýmis úrræði sem mögulegt er að nýta innan skólans. Má þar nefna námsráðgjafa sem sinnir einkum mið- og unglingadeildum, reynslumikla deildarstjóra auk námsvera, þar sem yfirleitt eru tveir reyndir kennarar til staðar. Jafnframt hefur skólinn aðgang að kennsluráðgjafa og sálfræðingi skólaskrifstofu.

7.2 Agavandamál og einelti

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er unnið eftir stefnu sem nefnist Uppeldi til ábyrgðar sem er, eins og áður var getið, verkefni sem miðar m.a. að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn barna og unglinga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum og er fyrirbyggjandi agakerfi eins og áður hefur verið nefnt. Skólareglur Grunnskóla Vestmannaeyja liggja til grundvallar í

framkvæmd stefnunnar. Reglurnar ásamt viðurlögum, ábyrgð og eftirfylgni má finna í skólanámskrá skólans. Verkefnið hófst árið 2010 og var liður í innleiðingu þess að nemendur völdu sér lífsgildi sem eru sameiginleg sannfæring þeirra um hvað það er sem skiptir máli í skólanum. Gildin sem urðu fyrir valinu voru Gleði, Öryggi og Vinátta. Þessi gildi er höfð að leiðarljósi í skólastarfi Grunnskólans í Vestmannaeyjum.

Eineltisteymi starfar einnig við Grunnskólanum í Vestmannaeyjum í samræmi við Olweusar-verkefnið. Í teyminu sitja skólastjórnendur og námsráðgjafi. Hlutverk teymisins er að sinna faglegri ráðgjöf til umsjónarkennara í einstaka eineltismálum, sjá um upplýsingamiðlun og fræðslu til allra starfsmanna, halda utan um upplýsingar um málefni sem tengjast einelti, viðhalda hugmyndafræði Olweusar og hvetja fólk til dáða. Mjög ýtarlegar upplýsingar um Olweusar-verkefnið má finna í skólanámskrá og á heimasíðu skólans. Með tilkomu Olweusar-verkefnisins er mjög vel unnið að eineltismálum í skólanum og ríkir sátt um það hvernig skólinn tekur á slíkum málum. Brýnt er fyrir öllum aðilum að tilkynna grun um einelti til umsjónarkennara þolanda sem kemur síðan málinu til námsráðgjafa og/eða eineltisteymis. Ef eineltismál eða önnur vandamál koma upp í nemendahópnum er skýrt hvert skal leita til að fá aðstoð. Nemendur leita í mörgum tilfellum til umsjónarkennara eða námsráðgjafa. Yfirlýst markmið námsráðgjafa í Grunnskóla Vestmannaeyja er að nemendur nái settu marki í námi og að búa þá undir frekara nám og störf. Auk þess miðar vinna námsráðgjafa að því að nemendum líði vel í skólanum.

7.3 Áætlanir og jafnrétti

Í skólanámskrá Grunnskóla Vestmannaeyja og á heimasíðu skólans má finna allar þær áætlanir sem skólinn hefur sett fram. Í skólanámskrá má finna móttökuáætlun fyrir nýbúa og eineltisáætlun. Á heimasíðu skólans má einnig finna áðurnefndar áætlanir auk náms- og kennsluáætlana allra árganga og viðbragðsáætlun vegna inflúensu.

Jafnréttis er gætt í hvívetna meðal nemenda í starfi skólans. Kynin hafa jöfn tækifæri til náms og félagsstarfa sem og erlendir nemendur og nemendur með sérþarfir svo framarlega sem hæfni þeirra og líkamlegt atgervi segir til um.

7.4 Félags- og tómstundastarf nemenda

Nemendaráð starfar í 8.-10. bekk. Þar sitja kjörnir fulltrúar og sinna félagsmálum nemenda í unglingadeild. Kosnir eru þrír fulltrúar úr hverjum árgangi hvert haust. Nemendaráðið hefur umsjón með félagslífi í skólanum og reynir að vinna úr hugmyndum nemenda og virkja þá til starfa í félagslífi skólans. Nemendaráðið er tengiliður á milli nemenda og kennara. Ráðið fundar reglulega ásamt umsjónarmanni félagslífs sem er starfsmaður eða kennari skólans. Á yfirstandandi skólaári hefur lítil starfsemi verið í nemendaráðinu þar sem enn hefur ekki verið kosið í ráðið. Það stafar af því að ekki hefur fengist neinn umsjónarmaður félagslífs til starfa. Það stendur þó til bóta og verður félagslíf nemenda væntanlega komið á fulla ferð í upphafi nýs árs.

7.5 Mat úttektaraðila

- Heilt yfir er starfsandi og skólabragur Grunnskólans í Vestmannaeyjum góður. Samheldni ríkir á meðal starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans. Mætti þó bæta skólabraginn á unglingastigi og vinna að enn betri og jákvæðari skólabrag.
- Agavandamál og einelti eru í lágmarki. Mjög vel er unnið að þessu málum í skólanum.
- Félags- og tómstundastarf nemenda í skólanum mætti vera betra. Leggja þarf áherslu á að finna umsjónarmann félagslífs nemenda svo starfið geti haldið áfram, eflst og styrkst.

8 Innra mat

Unnið er að sjálfsmati í samræmi við kröfur yfirvalda við GRV. Reglulegar kannanir og virkt frammistöðumat, m.a. með starfsmannaviðtölum og ítarlegum greiningum á námsárangri (einkum samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk) eru framkvæmd við skólann. Matsteymi GRV er skipað stjórnendum skólans.

8.1 Framkvæmd og verlag

Allir helstu hagsmunaaðilar koma að innra mati GRV. Við framkvæmd innra mats er m.a. notað tölvuforritið *Skólapúlsinn* (áður var forritið *Kanni* notað). Farið er yfir kannanir og á grundvelli niðurstaðna eru unnar umbótaáætlanir eftir því sem við á.

Við innra mat GRV er unnið eftir sjálfsmatsáætlun 2011-2014, þar sem fram kemur að tekið verði á öllum helstu þáttum skólastarfsins á tilteknu árabili. Sjálfsmatsskýrslur síðustu ára voru ekki opinberar (t.d. á heimasíðu) og ekki hefur tekist að ljúka sjálfsmatsskýrslu sl. skólaárs. Úttektaraðilar fengu hins vegar umtalsvert magn af vinnugögnum og samantektum sem benda til þess að mikið sé unnið í faglegu innra mati skólans, sbr. að ofan. Hins vegar vantar e.t.v. nokkuð uppá að gera starfið formfastara, draga saman helstu niðurstöður starfsins í lok hvers skólaárs með helstu mælikvörðum GRV um ásættanlegan árangur auk umbótaáætlunar. Jafnframt þyrfti að gera starfið sýnilegra helstu hagsmunaaðilum, t.d. með því að birta helstu niðurstöður og lykilskjöl á heimasíðu skólans.

Fram kom í viðtölum við stjórnendur að þeir eru meðvitaðir um þessa stöðu, og telja þeir að einkum komi til of lítill tími hjá stjórnendum, sem eru orðnir mun færri en þeir voru á stjórnunarstigi GRV, til þess að sinna öllu innra faglega starfi í samræmi við síauknar kröfur (sbr. kafla 5.1).

8.2 Frammistöðumat

Starfsmannasamtöl fara fram tvisvar á ári (allt starfsfólk GRV) og eru það skólastjóri auk aðstoðarskólastjóra sem framkvæma viðtölin. Starfsmenn mega ráða því hvort þeir koma einir eða nokkrir saman í fyrra viðtal vetrarins. Viðtölin eru undirbúin með því að starfsmenn fengu lista með atriðum sem rædd eru. Í viðtölunum er m.a. rætt um áherslur skólastarfsins, þróunarverkefni o.fl.. Vorviðtölin eru að sögn stjórnenda frekar einstaklingsmiðuð þar sem farið er yfir frammistöðu í kennslu/starfi, líðan starfsmanns, styrkeika og atriði sem má bæra auk áherslur næsta skólaárs.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa og PISA eru rýndar ítarlega við GRV. Í desember 2007 lét skólamálaráð Vestmannaeyja skipa aðgerðarhóp í kjölfar niðurstaðna PISA 2006 sem skilaði niðurstöðum í skýrslu í október 2008³. Helstu niðurstöður hópsins voru m.a. að efla faglegt starf innan skólans með auknum stuðningi bæði við stjórnendur og kennara, styrkja bakland skólastarfsins í samfélaginu (t.d. foreldrafélag, kennarafélag og stoðkerfi sveitarfélags), efla umræðu í samfélaginu um skólamál, auka hvatningu og metnað nemenda til skólastarfs almennt.

Unnið hefur verið metnaðarfullt umbótastarf m.a. á þessum grunni innan skólasamfélagsins í Vestmannaeyjum undanfarin misseri, einkum með það að markmiði að bæta niðurstöður GRV í samræmdum könnunarprófum 4., 7. og 10. bekkjar í kjölfarið. Á skólaskrifstofu hefur verið lögð mikil áhersla á að fylgja niðurstöðum rýnihópsins eftir m.a. með því að fá fyrirlesara frá Námsmatsstofnun til Eyja til að fara yfir niðurstöður með starfsfólki skólans og skólaskrifstofu ásamt því að sækja fjármagn í endurmenntunarsjóði til að gera mögulegt að bjóða upp á öfluga endurmenntun fyrir starfsmenn skólans. Einnig hefur verið lögð mikil áhersla á að hvetja nemendur til góðra verka og til að leggja sig fram til hins ítrasta.

Undanfarin ár hafa niðurstöður GRV verið nokkuð samhljóða í þá veru að árangur er góður í 4. bekk, um og yfir landsmeðaltali í 7. bekk en slakur í 10. bekk. Hefur það

³Skýrsla aðgerðarhóps um niðurstöður PISA 2006 í Vestmannaeyjum, október 2008. www.vestmannaeyjar.is

valdið skólasamfélaginu í Vestmannaeyjum nokkrum vonbrigðum hversu lítill árangur hefur verið í bættum námsárangri í samræmdum könnunarprófum síðustu ár⁴

8.3 Mat úttektaraðila

- Unnið er að sjálfsmati í samræmi við kröfur yfirvalda við GRV og koma allir helstu hagsmunaaðilar að matinu. Unnið er eftir sjálfsmatsáætlun 2011-2014. Sjálfsmatsskýrslur síðustu ára voru ekki opinberar og ekki hefur tekist að ljúka sjálfsmatsskýrslu sl. skólaárs.
- Að mati úttektaraðila vantar nokkuð uppá að gera starfið formfastara, draga saman helstu niðurstöður starfsins í lok hvers skólaárs með helstu mælikvörðum GRV um ásættanlegan árangur auk umbótaáætlunar. Jafnframt þyrfti að gera starfið sýnilegra helstu hagsmunaaðilum, t.d. með því að birta helstu niðurstöður og lykilskjöl á heimasíðu skólans.
- Starfsmannasamtöl fara fram tvisvar á ári (allt starfsfólk GRV) og eru það skólastjóri auk aðstoðarskólastjóra sem framkvæma viðtölin.
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa og PISA eru rýndar ítarlega við GRV. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta árangur skólans á samræmdum könnunarprófum undanfarin ár. Hafa niðurstöður til þessa valdið skólasamfélaginu í Vestmannaeyjum nokkrum vonbrigðum, en að mati úttektaraðila ætti faglegt umbótastarf undanfarinna missera, með áframhaldandi samstilltu átaki allra hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins, að skila sér í bættum árangri innan skamms.

⁴Sjá t.d. fundargerð Fræðslu- og menningarmálaráðs Vestmannaeyja, 21/11/2011

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

9.1 Samstarf GRV og grenndarsamfélagsins

Samstarf Grunnskóla Vestmannaeyja og grenndarsamfélagsins er með góðu móti. Sem dæmi má nefna er nokkuð gott samstarf við íþróttafélög bæjarins þar sem nemendur á unglingastigi geta látið íþróttaiðkun sína gilda sem valgrein í skólanum. Einnig getur m.a. tónlistarnám, skátastarf, björgunarfélagsstarf, skák, annað listnám og önnur félagsstörf gilt sem val á unglingastigi.

Jafnframt má nefna að gott samstarf er við frístundahúsið í Rauðagerði. Þar er lengdri viðveru fatlaðra grunnskólabarna á mið- og unglingastigi sinnt og jafnframt er tenging við almennt félagsstarf unglinga. Sem dæmi um það má nefna að húsnæði félagsmiðstöðvarinnar er notað undir ýmis verkefni skólans í opinni viku og verkefnið „STÍLL“ hefur verið hluti af þessu samstarfi.

Almennt er því unnið að samþættingu og samvinnu íþrótt- og æskulýðsstarfs og barnavernd. Starfsmaður fjölskyldusviðs Vestmannaeyjabæjar fer t.d. reglulega inn í skólana til að fjalla um málefni sem snúa að barnavernd og forvörnum auk þess sem hann situr nemendaverndarráðsfundi í skólanum ef talin er þörf á að fá félagsráðgjafa til samstarfs.

9.2 Foreldrar og skólastarfið

Við Grunnskóla Vestmannaeyja er starfrækt foreldrafélag. Í stjórn félagsins sitja 5 fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi. Foreldrafélagið fundar reglulega yfir skólaárið auk þess að halda aðalfund einu sinni á ári. Nú í haust tók ný stjórn til starfa og er hún að fóta sig í þessu hlutverki. Þeir foreldrar sem rætt var við telja að starf félagsins hafi ekki verið nógu öflugt undanfarið en vilji er til þess að breyta því. Foreldrarnir telja að það vanti meiri áhuga og metnað foreldra til foreldrastarfsins en áhugi sé innan skólans, þ.e. starfsmanna og stjórnenda til þess að efla og auka samstarfið við foreldrafélagið og leggja sitt af mörkum til þess að efla það. Þrátt fyrir að virkni félagsins hafi ekki verið mikið hefur foreldrafélagið einn til tvo fulltrúa í

hverjum bekk, svokallaða bekkjarfulltrúa, sem standa að félagsstarfi í bekkjunum í samstarfi við umsjónarkennara. Þannig koma foreldrar m.a. að uppbyggingu á bekkjarbrag. Fulltrúar foreldra eiga einnig sæti í skólaráði.

Í gegnum foreldrafélagið gefst foreldrum tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu. Foreldrar geta komið skoðunum og sjónarmiðum sínum um skólastarfið á framfæri við stjórn foreldrafélagsins, fulltrúa foreldra í skólaráði, á fundum með umsjónarkennara og samskiptum við skólastjórnendur. Með setu í stjórn foreldrafélagsins og/eða annarri virkri þátttöku í skólastarfinu koma foreldrar að ákvarðanatöku um skólastarfið.

9.3 Mat úttektaraðila

- Samskipti GRV við grenndarsamfélagið er gott. Mikil tengsl eru við íþrótt- og æskulýðsfélög og virk samskipti við skólaskrifstofu sveitarfélags.
- Samstarf við foreldra er með ágætum. Foreldrar eru nokkuð ánægðir með starf skólans. Ný stjórn foreldrafélagsins þarf að festa sig í sessi. Nokkuð starf er þar óunnið en setja þarf kraft í að auka metnað og virkni foreldra. Fleiri foreldrar þurfa að koma að foreldrastarfinu. Mikilvægt er að markaðssetja foreldrastarfið með markvissum og skýrum hætti.

10 Sérfræðipjónusta sveitarfélags

Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmanneyjabæjar starfar í umboði tveggja ráða sveitarfélagsins, fræðslu- og menningarráðs og fjölskyldu- og tómstundarráðs. Sviðið fer með öll skólamál (grunn-, leik- og tónlistarskóla), félagsþjónustu, barnavernd, málefni aldraðra, málefni fatlaðra, húsnæðismál, jafnréttismál, málefni innflytjenda, forvarnir, sérfræðipjónustu skóla og æskulýðs- og tómstundamál og íþróttamál.

Að sögn forsvarsmanna sveitarfélagsins hefur markvisst verið unnið að því að styrkja stoðkerfi GRV og stýra umræðunni inn á jákvæðari brautir með áherslu á að efla nemendur á jákvæðan hátt. Hugmyndafræði ART þjálfunar hefur m.a. verið nýtt og margir kennarar GRV sótt námskeið og nýtt sér með nemendum sínum.

10.1 Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi starfar í Grunnskóla Vestmannaeyja, staðsettur í Barnaskólanum alla virka daga nema miðvikudaga þegar hann er í Hamarsskólanum. Námsráðgjöf er þjónusta fyrir alla nemendur skólans og geta þeir sjálfir leitað til námsráðgjafans auk þess sem foreldrar, kennarar og skólastjórnendur geta óskað eftir ráðgjöf fyrir nemendur.

10.2 Sálfræðipjónusta

Skólasálfræðingur hefur aðsetur á skólaskrifstofu en er einnig með fastan viðverutíma í báðum skólahúsum og vinnur með nemendur þar. Hann framkvæmir einnig ákveðnar greiningar og veitir foreldrum og kennurum ráðgjöf. Jafnframt er kennsluráðgjöf hluti af starfi fræðslufulltrúa sem er með sérhæfingu í kennslu- og sérkennslufræði og námsráðgjöf auk áralangrar reynslu af skólastarfi og kennslu. Yfirmaður sviðsins er sálfræðingur að mennt og starfaði sem skólasálfræðingur um árabíl áður en hann tók að sér starf framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðsluviðs. Hjá honum hafa yfirmenn skólans einnig haft möguleika á að leita aðstoðar og

ráðgjafar þegar á hefur þurft að halda, t.d. hefur sálfræðingur skólaskrifstofu skipulagt námskeiðið „Snillingarnir“ fyrir nemendur með ADHD í samstarfi við kennara.

10.3 Talmeinaþjónusta

Talmeinafræðingur kemur tvisvar á ári og er þá eina viku í senn. Þess á milli er unnið eftir leiðbeiningum hans. Jafnframt kemur annar talmeinafræðingur til GRV tvisvar á ári daglangt til að eiga samstarf við kennara nokkurra fatlaðra nemenda sem sækja þjónustu til hans á Reykjavíkursvæðið en foreldrar óskuðu eftir að skólinn leitaði til viðkomandi um ráðgjöf vegna barnanna.

10.4 Sérkennsla og námsver

Fjögur námsver eru starfrækt í skólanum, eitt á hverju stigi. Tilgangur námsvers er að þjónusta nemendur sem hafa ekki náð lágmarksfærni í ákveðnum námsgreinum og vinna með nemendum sem hentar betur að vinna í smærri hópum. Eitt námsver er svo fyrir fatlaða nemendur og þá sem eiga í miklum námserfiðleikum. Stuðningsfulltrúar eru sérdeildar- og sérkennslunemendum til aðstoðar við athafnir daglegs lífs og sinna ýmsum stuðningi undir leiðsögn kennara.

Í skólanum starfa þroskajálfar í 1,65 stöðugildum og er 0,65 af því hrein viðbót við stöðugildi í skólanum frá því í ágúst 2011.

10.5 Heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingar eru tveir við GRV. Skólaheilsugæslan er framhald af ungbarnaeftirliti og sér um reglubundnar skoðanir og bólusetningar:

- 1. bekkur: heyrnarmæling, sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.
- 2. bekkur: sjónpróf og tengslakönnun.

- 4. bekkur: hæðarmæling, þyngdarmæling og sjónpróf.
- 5. bekkur: tengslakönnun.
- 6. bekkur: kynfræðsla.
- 7. bekkur: skoðun hjá hjúkrunarfræðingi, hæðarmæling, þyngdarmæling, sjónpróf/litaskyn hjá drengjum. Ónæmisaðgerð gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt.
- 9. bekkur: Nemendur fylla út spurningalista um eigið heilbrigði, sjón- og heyrnarpróf, ónæmisaðgerð gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa. Læknisskoðun og viðtal við lækni og hjúkrunarfræðing.

10.6 Ytra mat

Fræðslu- og menningarráð Vestmannaeyja ber ábyrgð á ytra mati sveitarfélagsins í samræmi við lög um leikskóla og grunnskóla. Til þessa hefur það m.a. falist í því að samþykkja skólanámskrár og starfsáætlanir GRV auk þess sem skólastjóri kemur reglulega á fundi ráðsins.

Að sögn forsvarsmanna fræðslumála sveitarfélags nýtir fræðslufulltrúi gátlista árlega til að fylgja eftir helstu þáttum vegna ytra mats skóla í sveitarfélögunum. Farið er yfir gátlistann á hverju ári í samráði við skólastjóra og leiðir til úrbóta ræddar eftir atvikum. Jafnframt eru framkvæmdar SVÓT úttektir af starfsmönnum skólaskrifstofunnar með fulltrúum starfsmannahópa, foreldra og nemenda skólans. Loks eru skimunarpróf lögð fyrir af starfsmönnum skólaskrifstofu á hverju ári.

10.7 Mat úttektaraðila

- Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmanneyjabæjar fer með öll skólamál (grunn-, leik- og tónlistarskóla), félagsþjónustu, barnavernd, málefni aldraðra, málefni fatlaðra, húsnæðismál, jafnréttismál, málefni innflytjenda, forvarnir, sérfræðiþjónustu skóla og æskulýðs- og tómstundamál og íþróttamál.

- Við GRV eru starfandi námsráðgjafi, þroskaþjálfar, skólasálfræðingur auk sérkennsluþjónustu. Heilsugæsla er fastur punktur í skólastarfi GRV og talmeinaþjónusta stendur til boða.

11 Niðurstöður og mat úttektaraðila

Hér á eftir er greining viðmælenda á styrkleikum og veikleikum Grunnskóla Vestmannaeyja líkt og þeir birtust viðmælendum í viðtölum við úttektaraðila. Loks koma helstu niðurstöður matsins (11.2) auk tillagna úttektaraðila til úrbóta (11.3).

11.1 Styrkleikar og veikleikar

<i>Styrkleikar</i>	<i>Veikleikar</i>
• Starfsfólk með mikla reynslu og menntun • Góður starfsandi • Vilji til að bæta starfið, faglegt þróunarstarf • Umhverfið og náttúran • Nálægðin: Lítið samfélag, stuttar boðleiðir	• Aga- og metnaðarleysi (einkum á unglingastigi) • Styrkja þarf tengsl heimila og skóla • Vonbrigði að faglegt innra starf hafi ekki enn skilað bættum námsárangri (samræmd könnunarpróf) • Of fjölmennir bekkir á unglingastigi • Þarf að bæta félagsaðstöðu fyrir unglingastig

11.2 Mat úttektaraðila

Að mati úttektaraðila fer fram faglegt og gott skólastarf við Grunnskóla Vestmannaeyja. Skólastarf í bænum er rótgróið, en hefur undanfarin ár markast nokkuð af þeim umfangsmiklu breytingum sem fólust í sameiningu Barnaskóla og Hamarsskóla í einn grunnskóla í sveitarfélaginu árið 2006. Það var grundvallarbreyting sem hefur tekist vel, að mati helstu hagsmunaaðila skólans.

Stjórnun skólans er skilvirk en nýr skólastjóri kom til starfa og leiddi samrunaferlið. Nokkuð óvenjulegt er að skólastarf fari fram í tveimur aðskildum byggingum og er mikil vinna lögð í að tryggja sem þægilegasta færslu milli skólahúsa fyrir nemendur. Skólastjóri skiptir starfstíma sínum á milli skólahúsa daglega. Góður andi og opin samskipti virðast ríkjandi meðal starfsmanna og almenn ánægja með aðgengi að stjórnendum skólans. Gætt er að því að helstu hagsmunaaðilar komi að ákvarðanatöku. Samhliða samruna skólanna, og fækkun nemenda undanfarin ár, hefur verið hagrætt í stjórnun GRV. Nokkuð ber á að tími stjórnenda, t.a.m. til frágangs faglegs innra starf sé ekki nægur.

Starfsfólk skólans er reynslumikið og vel menntað. Starfsmönnum virðist almennt líða vel og starfsandi góður. Mikil áhersla hefur verið lögð á faglegt innra starf undanfarin ár í skólasamfélaginu í Vestmannaeyjum, t.d. með aukinni áherslu á ýmis þróunarverkefni, endurmenntun og aukinn stuðning við skólastarfið m.a. frá skólaskrifstofu. Hefur þessi áhersla m.a. komið til vegna greiningar á niðurstöðum samræmdra prófa og PISA kannana og umbótaáætlunar í kjölfarið. Hafa niðurstöður í síðustu samræmdu prófum því ollið nokkrum vonbrigðum, en að mati úttektaraðila ætti faglegt umbótastarf undanfarinna missera, með áframhaldandi samstilltu átaki allra hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins, að skila sér í bættum árangri innan skamms.

Nemendur eru ánægðir með skólann sinn og líðan þeirra er góð skv. könnunum. Nemendaverndarráð er virkt við skólann en styrkja má umgjörð félaglífs á unglingastigi, m.a. með skipan nemendaráðs sem var ólokið í vettvangsheimsókn úttektaraðila. Innra mat fer fram í skólanum í samræmi við kröfur, en bæta má úrvinnslu og frágang, m.a. með reglulegri útgáfu sjálfsmatsskýrslu og birtingu t.d. á heimasíðu skólans (www.grv.is). Nokkuð bar á umræðu um neikvæð samskipti meðal nemenda á unglingastigi. Mikilvægt er að starfsfólk skólans leiti allra leiða til að stemma stigu við slíku og nýti t.d. þau úrræði sem til boða eru til stuðnings bæði innan skólans og í stoðkerfi skólans t.a.m. á skólaskrifstofu. Almenn skoðun viðmælenda var að auka þyrfti metnað og forgangsöröðun í garð skólans, einkum meðal eldri nemenda og í raun samfélagsins alls.

11.3 Tillögur til úrbóta

- Huga má að því að efla stuðning við stjórnendur GRV, einkum hvað varðar frágang og úrvinnslu faglegs innra starfs (s.s. sjálfsmats). Mikilvægt er að viðhalda áframhaldandi sterkri áherslu á faglegt þróunarstarf innan skólans.
- Bæta má skólanámskrána enn frekar. Klára að setja inn þá kafla sem verið er að vinna að. Uppsetning skólanámskrárinnar þarf að vera skýrari og skilmerkilegri, hún sett upp á heildstæðan hátt þar sem finna má allar upplýsingar um skólastarfið, stefnur og áætlanir. Hugsanlega má einnig tengja hana enn frekar skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar.
- Mikilvægt að samskipti á unglingastigi verði með sem jákvæðustum hætti þannig að heildarskólabragurinn á stiginu verði betri. Vinna þarf að því að bæta samskipti á milli nemenda á unglingastigi. Mikilvægt er að starfsfólk skólans nýti þá stoðþjónustu og úrræði sem í boði eru, m.a. á skólaskrifstofu. Finna þarf umsjónaraðila félagsstarfs nemenda sem allra fyrst.
- Auka þarf virkni og viðhorf foreldra gagnvart foreldrastarfinu. Kynna þarf foreldrastarfið enn frekar í skólasamfélaginu.
- Mikilvægt er að viðhalda krafti í viðleitni til að bæta námsárangur skólans t.d. á samræmdum könnunarprófum, einkum í 10. bekk.
- Áfram þarf að vinna að því að auka metnað og forgangsröðun í garð skólans, einkum meðal eldri nemenda og í raun samfélagsins alls.

A Viðaukar

A.1 Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla 2006
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011
- Fundargerðir fræðslu- og menningarráðs Vestmannaeyja
- Fundargerð skólaráðs dags. 15/06/2011
- Fundargerð skólaráðs dags. 07/11/2011
- Heimasíða Grunnskóla Vestmannaeyja (www.grv.is)
- Lög um grunnskóla #91/2008
- Námsáætlanir GRV skólaárið 2011/2012
- Reglugerðir um grunnskóla, einkum #435 (samr. könnunarpróf), #584 (sérfr.þjón. sveitarfél.), #657 (aðbúnaður), #658 (mat og eftirlit) og #1157 (skólaráð)
- Sjálfsmatsáætlun 2011-2014
- Sjálfsmatsgögn GRV
- Skólanámskrá GRV
- Skólastefna Vestmannaeyjabæjar
- Skýrsla aðgerðarhóps um niðurstöður PISA 2006 í Vestmannaeyjum, okt 2008.
www.vestmannaeyjar.is

A.2 Viðmiðunarstundaskrá GRV 2011/2012⁵

	1.-4.b.	5.-7.b.	8.-10.b.	Vikulegur kennslutími
Mínútufjöldi á viku 2011/12	4.800	4.200	4.440	13.440
Íslenska	1.140	760	720	2.620
Stærðfræði	1.040	720	720	2.480
Enska	80	360	440	880
Danska	0	120	440	560
Heimilisfræði	160	160	0	320
Íþróttir (þ.m.t. sund)	480	360	360	1.200
Listir	660	440	0	1.100
Lífsleikni	0	160	140	300
Náttúrufræði	320	360	360	1.040
Samfélagsgreinar/kristinfræði	520	480	320	1.320
Bekkjarfundir	160	120	120	400
Upplýsinga- og tæknimennt	240	160	60	460
Val	0	0	720	720
Náms- og starfsfræðsla	0	0	40	40

⁵Í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 (8.5 bls. 37).

A.3 Dagskrá vettvangsheimsóknar

Dagskrá vettvangsheimsóknar í GRV17/11/2011:

- 8:20 Fundur með stjórnendum í Barnaskólahúsi
- 10:15 Fundur með öðru starfsfólki, þ.e. matráði, skólaliða og tveimur stuðningsfulltrúum (2 úr hvoru húsi)
- 11:00 Fulltrúar nemenda
- 11:45 Fulltrúar foreldra, þ.m.t. formaður foreldrafélagsins
- 12:15 Færum okkur yfir í Hamarsskólann – matarhlé
- 13:00 Fundur með skólaráði
- 13:45 Fulltrúar kennara
- 14:45 Fulltrúar Fræðslu- og menningarráðs
- 15:30 Samantekt funda dagsins með skólastjóra